

100 bundið aukagjald þetta við tíð hins þá verandi prests, þannig hafi gjald þetta verið talið með tekjum Presthólaprestakalls í brauðamötunum eptir þann tíma, þrátt fyrir það að brauðið síðar hafi verið bætt upp með eptirgjaldinu eptir jörðina Sigurðarstaði, og hafi bæði eptirgjaldið eptir þessa jörð og aukagjaldið verið talið með tekjum brauðsins, þegar þær voru bættar upp með 300 kr. úr landssjóði samkvæmt 1. gr. 139. laga 27. febr. f. á. (A. 3). Prestinum að Presthólum virðist því enn bera aukagjald þetta, og með tilliti til þeirra presta, sem nú krefja gjaldsins, virðist það ekki geta gjört neina breytingu, þótt prestar, sem um stundarsakir hafa þjónað á undan þeim, hafi eigi hirt að heimta gjaldið inn.

Um það, sem stiptsyfirvöldin þannig hafa tekið fram, er jeg yður í öllu verulegu samdóma, og eruð þjer beðnir að tjá það hlutaðeigöndum.

101 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um tekjuskatt af landshlut af síldarveiði. — Í þóknanlegu brjefi frá 29. maí þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, út af fyrirspurn sýslumannsins í Suður-Múlasýslu tekið fram:

1. að landshlutur af síldar afla verði að skoðast sem arður af hlunnindum, er jörðunni fylgja, og að því sá, sem á jörð þá, er slíkur landshlutur fellur á, geti ekki samkvæmt 1. gr. laga um tekjuskatt frá 14. desbr. 1877 (A. 23) komizt hjá að greiða eignarskatt af slíkum tekjum.

2. að þessi eignarskattur verði að greiðast allt að einu þó landsdrottinn afsali sjer landshlutinn leiguliðanum.

3. að landshlutir þeir, sem prestar hafa af kirkjujörðum eða ábúðarjörðum sínum, verði að teljast með atvinnutekjum, og

4. að þeir, sem stunda síldarveiði, geti samkvæmt niðurlagi 5. greinar laga 14. desbr. 1877 (A. 23) ekki verið skyldir til, að greiða atvinnuskatt af tekjum þeim, sem beinlínis renna til þeirra af bjargræðisvegi þessum.

Fyrir því vil jeg tjá yður, að mjer virðist það vafasamt, hvort ekki megi telja landshluti af síldar afla með tekjum þeim, er beinlínis fylgja landbúnaðinum, sbr. 3. gr. tilskipunar um síldar- og upsaveiði frá 12. febr. 1872, að sínu leyti eins og síldaraffinn sjálfur verður talinn með tekjum af sjáfarútvegi; en með því að spurningar þær, er hjer ræðir um, hljóta að koma fram, þegar reikningarnir fyrir tekjuskatti verða úrskurðaðir, finn jeg ekki sem stendur nægilega ástæðu til að útkljá þær, og eruð þjer beðnir að tjá það hinum nefnda sýslumanni í Suður-Múlasýslu.

102 — Brjef landshöfðingja til prófastsins í Rangárvallaprófastsdæmi um tekjuskatt af arði af prestssetri. — Jafnframt því að endursenda yður hjálögð skjöl, er fylgdu brjefi yðar, herra prófastur, frá 19. apríl þ. á, snertandi úrskurð yfirskattanefndarinnar í Vestmannaeyjasýslu, er staðfestir úrskurð skattanefndarinnar samastaðar um, að telja eigi með embættistekjum prestsins á Vestmannaeyjum, sem honum ber að greiða tekjuskatt af, arðinn af ábúð prestssetursins Ofanleyti, get jeg þess, að brjef mitt frá 11. jan. 1879 ekki inniheldur neinn úrskurð um tekjur tjeðs embættismanns neitt einstakt ár, en að eins álit mitt um, hvernig að öllum jafnaði eigi að reikna tekjur nefnds embættismanns. Yfirskattanefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir byggt úrskurð sinn á öðrum skilningi lagaákvæðana þeirra, er hjer koma til greina, en þeim, er jeg hefi fallizt á í